

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 2016 í máli nr. E-3557/2015:

**Svavar S. Guðmundsson**

*(Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrl.)*

**gegn**

**Vátryggingarfélagi Íslands hf. og**

**Hrefnu Björk Gylfadóttur**

*(Jón E. Malmquist hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl sl., er höfðað með stefnu útgefinni 22. október 2015 af Svavari S. Guðmundssyni, Einigrund 4, Akranesi gegn Vátryggingarfélagi Íslands hf., Ármúla 3 Reykjavík og Hrefnu Björk Gylfadóttur, Tindaflöt 6, Akranesi.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í fyrsta lagi að stefndu verði óskipt dæmd til að greiða stefnanda 10.104.251 krónu með 4,5% ársvöxtum frá 6. apríl 2013 til 29. október 2015 en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst þess í öðru lagi að stefndu verði óskipt dæmd til að greiða stefnanda 7.067.879 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. apríl 2013 til 29. október 2015 en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndu krefjast aðallega sýknu en til vara að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Þá krefjast stefndu greiðslu málskostnaðar.

## I.

Helstu atvik málsins eru þau að aðfaranótt laugardagsins 6. apríl 2013 ók dóttir stefnanda bifreið sinni frá Reykjavík áleiðis upp á Akranes. Á sama tíma ók stefnda, Hrefna Björk, bifreið sinni eftir sama vegi en í gagnstæða átt. Voru ökumenn báðir einir í bifreiðum sínum. Vestan Akrafjallsvegar fór bifreið stefndu yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að hún lenti framan á bifreið dóttur stefnanda. Kastaðist bifreið dóttur stefnanda út fyrir veginn og hafnaði á hvolfi. Dóttir stefnanda, sem þá var 17 ára að aldri, lést við áreksturinn. Lögregla var kölluð til. Við rannsókn lögreglu kom í ljós að stefnda var undir áhrifum áfengis og mældist áfengismagn í blóði hennar 2,7 o/oo. Rannsókn lögreglu leiddi jafnframt í ljós að hraði bifreiðar stefndu fyrir aksturinn hafi verið á bilinu 94 til 101 km á klukkustundu en hraði bifreiðar dóttur stefnanda á bilinu 70 til 80 km á klukkustundu. Stefnda var vegna slyssins sakfelld fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot með dómi Héraðsdóms Vesturlands 17. desember 2013, en hún játaði sök fyrir dómnum.

Stefnandi var sjómaður er slysið varð og var hann þá á sjó á Færeyjagrunni. Var stefnanda tilkynnt um slysið um nóttina og andlát dóttur hans. Var tekin ákvörðun um að sigla til Færeyja með stefnanda og sendi útgerðarfélag er stefnandi

vann hjá flugvél til Færeyja til að sækja stefnanda. Kom stefnandi til Íslands tæpum sólarhring eftir slysið. Stefnandi setti fram skaðabótakröfu gagnvart stefnda Vátryggingarfélagi Íslands hf. 9. janúar 2014 þar sem krafist var miskabóta á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993. Var hafður uppi áskilnaður um rétt til frekari bóta á grundvelli annarra ákvæða laga nr. 50/1993. Samkomulag varð með aðilum um að stefndi greiddi stefnanda 2.500.000 krónur í miskabætur. Tók stefnandi við miskabótunum með fyrirvara við fjárhæðina. Í maí 2014 varð að samkomulagi á milli stefnanda og stefnda Vátryggingarfélags Íslands hf. að fá matsmenn til að meta heilsutjón stefnanda í samræmi við I. kafla laga nr. 50/1993. Voru hæstaréttarlögmaður og geðlæknir fengnir til starfans. Skiluðu þeir matsgerð 19. janúar 2015. Helstu niðurstöður matsgerðarinnar eru þær að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna slyssins tímabilið 6. apríl 2013 til 22. október 2013. Tímabil þjáninga, án rúmlegu, var metið það sama og tímabil óvinnufærni. Þá var varanlegur miski metinn 15 stig en matsmenn töldu ástand tjónþola hvað best jafnað við meðalalvarlega áfallastreitu sem teldist til 15 stiga miska samkvæmt danskri miskatöflu. Hefur stefnandi höfðað mál þetta á hendur stefndu til heimtu frekari skaðabóta samkvæmt lögum nr. 50/1993. Er bæði gerð krafa um bætur samkvæmt 2. til 4. gr. laganna og frekari miskabætur samkvæmt 26. gr. sömu laga.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu fyrir dóminum.

## II.

Stefnandi byggir á því að stefndu beri óskipta skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda vegna þess tjóns sem hann varð fyrir vegna þess að dóttir hans lést í umferðarslysinu 6. apríl 2013. Kröfu sína byggir hann á því að tjón hans skuli bæta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar PK-769 samkvæmt XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987. Hvað sameiginlega aðild stefndu varði vísist til 90. og 97. gr. laga nr. 50/1987. Stefnandi telji að stefndu beri að bæta honum allt það tjón sem hann hafi orðið fyrir, í samræmi við niðurstöður fyrirliggjandi matsgerðar, á grundvelli ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993 sem og meginreglna skaðabótaréttar. Stefnandi telji ljóst að allt tjón hans vegna umferðarslyssins, sem valdið hafi andláti dóttur hans, skuli bæta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar PK-769. Samkvæmt 88. gr. laga nr. 50/1987 skuli sá sem ábyrgð beri á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hljótist af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Um sé að ræða víðtæka hlutlæga skaðabótaábyrgð og stefnandi telji ljóst að allt tjón vegna banaslyssins, þ.m.t. líkamstjón hans vegna áfallsins og missis dóttur hans, falli undir ákvæðið. Það liggir enda fyrir, og sé óumdeilt samkvæmt dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. S-189/2013, að umferðarslysinu sem leiddi til andláts dóttur stefnanda hafi verið valdið með notkun bifreiðarinnar PK-769. Bent sé á í þessu sambandi að samkvæmt 4. mgr. 186. gr. laga nr. 88/2008 hafi dómur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greini þar til hið gagnstæða sé sannað. Ljóst sé að þessi notkun bifreiðarinnar hafi valdið stefnanda tjóni. Byggt sé á því að ekki sé þörf á snertingu við ökutækið sjálft til þess að orsakasamband sé á milli notkunar þess og

tjóns. Samkvæmt 91. gr. laga nr. 50/1987 skuli eigandi ökutækis kaupa ábyrgðartryggingu sem greiði bótakröfur vegna tjóns sem hljótist af notkun ökutækis. Stefnanda Hrefna Björk, eigandi og ábyrgðarmaður bifreiðarinnar PK-769, hafi keypt slíka tryggingu hjá meðstefnda og hún verið í gildi á slysdegi. Stefnandi byggir á því að ábyrgðartryggingin taki til alls tjóns sem leiði af notkun ökutækis og þar með tjóns hans, sbr. 88. gr. laga nr. 50/1987.

Stefnandi byggir einnig á því að horfa verði sérstaklega til þess hvernig tjóninu hafi verið valdið af hálfu stefndu Hrefnu Bjarkar. Samkvæmt gögnum málsins hafi stefnda 6. apríl 2013 hafið akstur bifreiðarinnar PK-769 ofurölvi, um miðja nótt, þegar úti var myrkur og rigning. Hafi hún ekið umfram leyfðan hámarkshraða, þótt rík ástæða væri til að sýna mikla aðgæslu við aksturinn. Stefnanda hafi játað fyrir Héraðsdómi Vesturlands að hafa hafið akstur umrætt skipti þrátt fyrir að hún hafi fundið til áfengisáhrifa. Þá hafi einnig komið fram fyrir dómi að stefnda hefði sýnt af sér styrkan og einbeittan vilja til að brjóta gegn lögum nr. 50/1987 þegar hún ók af stað þrátt fyrir að vita að hún væri ekki hæf til þess en hún hafði áður beðið dóttur sína um að aka sér. Stefnanda Hrefna Björk hafi með þessu sýnt af sér stórkostlegt og vítavert gáleysi með akstri sínum og valdið með honum andláti dóttur stefnanda. Að mati stefnanda hafi þetta verið vítaverður verknaður af hálfu stefndu Hrefnu Bjarkar og henni mátt vera fyllilega ljóst hversu víðtæku tjóni hún gæti valdið. Hún beri þ.a.l. skaðabótaábyrgð á öllu tjóni sem hún hafi valdið með þessari háttsemi, þ.m.t. líkamstjóni stefnanda.

Þá byggir stefnandi á því að líkamstjón hans sé sennileg afleiðing af umferðarslysinu. Stefnanda Hrefna Björk, sem hafi verið tjónvaldur, hafi mátt geta séð fyrir að háttsemi hennar gæti valdið tjóni sem þessu. Hættan af ölvunarakstri sé vel þekkt í samfélaginu og hafi verið mikið rædd á opinberum vettvangi. Með því að ákveða að aka undir áhrifum með þessum hætti hafi stefnda mátt gera sér ljóst að hún gæti valdið miklu líkamstjóni líkt og hún hafi gert. Þá séu sorgarviðbrögð og áföll aðstandenda sem missi nákomna við þessar aðstæður einnig þekkt og stefnda fyllilega mátt gera sér grein fyrir því. Eðlilega séu afleiðingar háttsemi stefndu miklar og víðtækar.

Með vítaverðum akstri sínum 6. apríl 2013 hafi stefnda Hrefna Björk ekki aðeins valdið andláti dóttur stefnanda. Slysið og afleiðingar þess hafi orðið þess valdandi að um leið og stefnandi fékk vitneskju um það hafi hann fengið áfall. Hann hafi glímt við mikla andlega vanlíðan síðan sem hafi leitt til tjóns fyrir hann. Vegna slyssins og afleiðinga þess hafi líf stefnanda og fjölskyldu hans umbreyt. Stefnandi og dóttir hans hafi verið mjög nán. Samkvæmt fyrirliggjandi vottorði Tómasar Zoëga geðlæknis .....

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1987 sé kveðið á um að sá sem bótaábyrgð beri á líkamstjóni skuli greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hljótist og enn fremur þjáningabætur. Í 2. mgr. sama ákvæðis segi að ef líkamstjón hafi varanlegar afleiðingar skuli einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Stefnandi byggir á því að það sé óumdeilt að stefndu beri skaðabótaábyrgð á öllu tjóni vegna slyssins 6. apríl 2013. Þeim beri þ.a.l. að greiða bætur í samræmi við 1. gr. laga nr. 50/1993 enda séu bætur samkvæmt lögnum ekki bundnar við þann sem sjálfur verði fyrir slysi. Stefnandi byggir á því að ákvæði laga nr. 50/1993, sem fjalli sérstaklega um bótaréttindi aðstandenda, sbr. 12. – 14. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna, útiloki ekki að tjónvaldi verði gert að greiða frekari skaðabætur til aðstandenda en þar sé kveðið á um. Stefnandi byggir á því að lög nr. 50/1993 feli ekki sér tæmandi upptalningu um bótaréttindi, hvorki fyrir þá sem séu í sömu stöðu og stefnandi né aðra. Í því sambandi verði t.d. að horfa til þess að í frumvarpi með lögnum sé hugtakið tjónþoli ekki skilgreint á tæmandi hátt. Í frumvarpinu segi að orðið tjónþoli sé notað um þann sem verði fyrir tjóni, til dæmis af því að hann slasist sjálfur, missi framfaranda af slysförum eða bíði tjón vegna þess að munir í eigu hans skemmist. Stefnandi byggir á því í ljósi þessa að ákvæði laganna skuli túlka víðtækt þegar komi að því meta hver geti verið tjónþoli. Fyrst og fremst skuli horfa til þess hvort tjónþola hafi tekist að sanna hvort, og að hvaða marki, tiltekinn tjónsatburður hafi valdið honum tjóni.

Stefnandi telur að líkamstjón hans sé full sannað með framlagðri matsgerð frá 19. janúar 2015. Samkvæmt niðurstöðu matsgerðarinnar hafi tekjutapstímabil stefnanda, samkvæmt 2. gr. laga nr. 50/1993, vegna umferðarslyssins og andláts dóttur hans verið frá 6. apríl 2013 til 22. október 2013. Tímabil þjáninga, án rúmlegu, samkvæmt 3. gr. laganna, sé það sama og tímabil óvinnufærni. Þá sé varanlegur miski samkvæmt 4. gr. laga nr. 50/1993 metinn til 15 stiga. Matsmenn telji einnig að stefnandi þurfi á lyfjum og viðtalsmeðferð að halda hjá sérfræðingum í framtíðinni vegna ástands síns. Slíkur kostnaður sé sjúkrakostnaður og annað fjártjón samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993. Loks séu orsakatengsl á milli umferðarslyssins og afleiðinga þess og líkamstjóns stefnanda full sönnuð með matsgerðinni. Matsmenn telji samkvæmt matsgerðinni hafið yfir allan vafa að rekja megi geðeinkenni stefnanda til umferðarslyssins og andláts dóttur hans. Stefnandi telur í ljósi þessa að stefndu beri að greiða honum bætur fyrir metið líkamstjón í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1993.

Ef ekki verði fallist á að stefndu beri að greiða stefnanda bætur á grundvelli 1. gr. laga nr. 50/1993 sé byggt á að þeim beri að gera það á grundvelli meginreglna skaðabótaréttar utan samninga. Samkvæmt almennu skaðabótareglunni beri þeim

sem valdi tjóni á hagsmunum annars manns, með saknæmum og ólögumætum hætti, að bæta það tjón með því að inna af hendi peningagreiðslu sem nægi til þess að rétta hlut hans og gera hann fjárhagslega eins settan og ef tjónið hefði aldrei orðið. Stefnandi byggir á því að öll skilyrði þessa séu uppfyllt, þ.e. stefnda Hrefna Björk hafi valdið tjóninu með saknæmri og ólögumætri háttsemi, og stefnandi hafi sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirrar háttsemi. Þá séu skilyrði um sennilega afleiðingu og orsakatengsl uppfyllt. Stefnandi byggir á að eðlilegast sé að ákveða fjárhæð tjóns hans eftir reglum 2.-4. gr. laga nr. 50/1993.

Varðandi kröfu stefnanda um bætur vegna tekjutaps sé einnig byggt á sömu sjónarmiðum og gert hafi verið í dómaframkvæmd þegar foreldrum hafi verið dæmdar bætur vegna missis atvinnutekna vegna umönnunar með slösuðu barni. Slíkar bætur hafi að jafnaði verið dæmdar sem bætur fyrir röskun á stöðu og högum fyrir gildistöku laga nr. 50/1993 en sem bætur fyrir annað fjártjón eftir að lögin tóku gildi. Stefnandi vísir til ummæla í frumvarpi sem varð að lögum nr. 50/1993 þessu til stuðnings, þar sem segi að það sé á valdi dómstóla að dæma bætur til aðstandenda vegna andláts fyrir annað fjártjón, en missi framferanda og útfararkostnað, ef efnisleg rök séu til þess. Stefnandi telur að efnisleg rök séu til þess að dæma honum bætur vegna tekjutaps þann tíma sem hann var óvinnufær eftir andlát dóttur sinnar samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð. Gögn málsins sýni ótvírætt fram á að hann hafi ekki getað stundað vinnu sína á þeim tíma vegna áfallsins og mikillar vanlíðunar. Stefnandi telur að í þessu sambandi verði að horfa til náinna tengsla stefnanda og dóttur hans og þess að hún var 17 ára þegar hún lést og því ekki orðin lögráða. Ljóst sé að stefnandi hafi orðið óvinnufær við að missa dóttur sína, sem hann hafði alið upp og hugsað um í 17 ár.

Því hafi verið haldið fram að einungis eiginlegir tjónþolar geti átt rétt til skaðabóta vegna tjónsatburðar en ekki þeir sem verði fyrir afleiddu tjóni, þ.e. verða fyrir tjóni við það, að annar maður verði fyrir tjóni. Þetta hefur yfirleitt verið nefnt meginreglan um afleitt tjón. Stefnandi byggir á því að sú regla eigi ekki við í hans tilviki. Hann sé svo nátengdur tjónsatburðinum og afleiðingum hans að ekki sé hægt að líta svo á að líkamstjón hans vegna umferðarslyssins og andláts dóttur hans sé afleitt tjón eins og fjallað hafi verið um það á vettvangi skaðabótaréttar. Í þessu sambandi verði einkum að horfa til alvarleika brots stefndu Hrefnu Bjarkar, hversu nátengdur stefnandi var dóttur sinni og hve stór þáttur í lífi hans hún var, tengsla stefnanda og stefndu Hrefnu Bjarkar en hann þekkti til hennar og vissi af áfengisvandamáli hennar fyrir slysið, nálægðar slysstaðarins við heimili stefnanda sem neyðist til að aka þar fram hjá í hvert skipti sem hann aki á milli heimilis síns og Reykjavíkur og loks afleiðinga slyssins fyrir heilsufar stefnanda.

Verði talið að líkamstjón stefnanda sé afleitt tjón sé byggt á því til vara af hálfu stefnanda að meginreglan um afleitt tjón sé alls ekki algild samkvæmt íslenskum rétti, a.m.k. ekki ef litið sé til dómaframkvæmdar Hæstaréttar. Þá sé hún háð mörgum undantekningum. Þá sé einnig byggt á því að líta skuli til sambærilegra sjónarmiða og gert sé í norrænni dómaframkvæmd þar sem afleitt tjón hafi verið talið skaðabótaskyldt ef viðkomandi tjónþoli eigi sérstaka og nálæga hagsmuni. Stefnandi byggi á því að sambærileg sjónarmið gildi í íslenskum rétti og þess sjáist merki í dómaframkvæmd. Þá sé ljóst að hann eigi sérstaka og nálæga hagsmuni, vegna náinna tengsla hans við dóttur hans og mikillar vanlíðunar eftir slysið. Stefnandi byggi á því að í þessu sambandi verði einnig að horfa til samfélagslegs hlutverks skaðabótaréttar og markmiða hans, sem sé að veita fullar bætur fyrir tjón. Ljóst sé að verði ekki fallist á kröfur stefnanda þá verði markmiði reglna skaðabótaréttar ekki náð og hann sitji uppi með mikið tjón óbætt.

Stefnandi byggi á því að auk bóta fyrir líkamstjón, samkvæmt 1.- 4. gr. laga nr. 50/1993, beri stefndu að greiða honum miskabætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laganna. Stefnda Hrefna Björk hafi enda valdið dauða dóttur stefnanda með stórfelldu og vítaverðu gáleysi. Skilyrði fyrir greiðslu miskabóta samkvæmt ákvæðinu séu þ.a.l. uppfyllt. Stefnda Vátryggingarfélag Íslands hf. hafi viðurkennt rétt stefnanda til miskabóta samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 með því að greiða stefnanda 2.500.000 krónur vegna þessa. Stefnandi hafi tekið við bótum með fyrirvara um fjárhæðina og áskilið sér rétt til að gera frekari kröfur.

Fyrri dómkrafa stefnanda byggi á ákvæðum I. kafla laga nr. 50/1993 og niðurstöðum fyrirbyggjandi matsgerðar og sundurliðist á eftirfarandi hátt:

1. Tímabundið atvinnutjón skv. 2. gr. skbl.	kr. 8.181.546.-
2. Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl.	kr. 362.180.-
<u>3. Bætur vegna varanlegs miska skv. 4. gr. skbl.</u>	<u>kr. 1.560.525.-</u>
Samtals	kr. 10.104.251.-

Krafa um tímabundið atvinnutjón byggi á 2. gr. laga nr. 50/1993. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð hafi stefnandi verið óvinnufær tímabilið 6. apríl 2013 til 22. október 2013. Samkvæmt staðgreiðslufirliti 2013 hafi tekjur stefnanda á því tímabili numið samtals 4.281.621 krónu. Stefnandi starfi sem háseti hjá HB Granda. Á meðan hann hafi verið óvinnufær hafi HB Grandi greitt staðgengli stefnanda samtals 12.463.167 krónur. Með hliðsjón af því nemi tímabundið atvinnutjón stefnanda samtals 8.181.546 krónum (12.463.167 – 4.281.621).

Krafa um þjáningabætur sé byggð á 3. gr. laga nr. 50/1993. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð sé tímabil þjáningabóta frá 6. apríl 2013 til 22. október 2013 án rúmlegu. Stefnandi hafi því verið veikur í skilningi 3. gr. í 199 daga. Þjáningabætur nemi 1.820 krónum á dag sbr. 3. gr. laga nr. 50/1993, að viðbætti

hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu samkvæmt 15. gr. laganna. Með vísan til þessa krefjist stefnandi 362.180 króna í bætur fyrir þjáningar (199 x 1.820).

Varðandi kröfu um bætur vegna varanlegs miska vísi stefnandi til 4. gr. laga nr. 50/1993. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð sé miski stefnanda vegna atburðarins 15 stig. Vegna þessa þáttar sé krafist 1.560.525 króna (10.403.500 x 15%) með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga nr. 50/1993, sbr. og 15. gr. laganna, og aldurs stefnanda á slysdegi.

Varðandi vaxtakröfu af bótum fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar og varanlegan miska vísi stefnandi til 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993. Bætur beri vexti frá tjónsdegi, 6. apríl 2013, samkvæmt ákvæðinu. Um dráttarvexti vísist til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Upphafstími dráttarvaxta miðist við þingfestingardag, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Seinni krafa stefnanda byggir á 1. og 26. gr. laga nr. 50/1993 sem og á niðurstöðum fyrirbyggjandi matsgerðar og sundurliðist á eftirfarandi hátt:

1. Þegar áfallinn lyfjakostnaður	kr.	17.879.-
2. Framtíðarsjúkrakostnaður	kr.	550.000.-
<u>3. Miskabætur skv. 26. gr. skbl.</u>	kr.	<u>6.500.000.-</u>
Samtals	kr.	7.067.879.-

Krafa um endurgreiðslu áfallins lyfjakostnaðar byggir á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993 þar sem segi að sá sem beri ábyrgð á líkamstjóni skuli greiða sjúkrakostnað sem af því hljótist. Þá sé vísað til lyfjaútskriftar frá Apóteki Vesturlands 12. ágúst 2015. Lyfið sem stefnandi hafi fengið ávísað vegna einkenna sinna heiti Velafaxin og hafi hann greitt samtals 17.879 krónur á tímabilinu 11. október 2013 til 10. ágúst 2015.

Krafa um framtíðarsjúkrakostnað byggir einnig á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993. Samkvæmt ákvæðinu skuli sá sem bótaábyrgð beri á líkamstjóni m.a. greiða skaðabætur og annað fjártjón. Hæstiréttur hafi talið að þetta nái ekki eingöngu til útgjalda sem þegar hafi fallið til, heldur einnig til framtíðarkostnaðar. Í fyrirbyggjandi matsgerð komi fram á bls. 14 að stefnandi muni þurfa viðamikla meðferð í formi geðviðtala (15-20) og lyfja í framtíðinni til að forða því að einkenni hafi enn meiri áhrif á hann en tilefni sé til. Þá sé viðbúið að lokinni slíkri meðferð þurfi hann nokkur stuðningsviðtöl á ári á heilsugæslu og eftir atvikum lyf til framtíðar til að halda einkennum í lágmarki. Þar sem útgjöld vegna þessa hafi ekki þegar fallið til sé krafan byggð á áætlun. Miðað sé við að áætlaður lyfjakostnaður á ári sé 10.000 krónur sbr. lyfjaútskrift frá Apóteki Vesturlands. Áætlaður lyfjakostnaður til 75 ára aldurs sé því 290.000 krónur. Þá kosti eitt geðviðtal hjá LSH 9.488 krónur samkvæmt gjaldskrá spítalans frá 1. júlí 2015 og

kosti 20 skipti því rétt innan við 190.000 krónur. Þá kosti almennt viðtal á heilsugæslu 1.200 krónur. Miðað við tvö skipti á ári til 75 ára aldurs sé kostnaðurinn áætlaður 69.600 krónur. Með hliðsjón af þessu telji stefnandi að krafa um 550.000 krónur vegna framtíðarsjúkrakostnaðar sé varlega áætluð. Byggt sé á því að krafan sé bæði sanngjörn og ekki úr hófi fram, t.d. miðað við að ekki sé hægt að taka tillit til alls kostnaðar sem til geti fallið og vegna ferðakostnaðar sem komi til með að falla á stefnanda vegna ferða frá heimili hans til Reykjavíkur.

Loks geri stefnandi kröfu um miskabætur á grundvelli 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Stefnandi telji að 6.500.000 krónur sé sanngjörn fjárhæð miskabóta m.v. umfang tjóns hans og sök stefndu Hrefnu Bjarkar. Horfa verði til þess að um vítaverða háttsemi hafi verið um að ræða af hálfu stefndu, hún sýnt af sér sterkan vilja til að brjóta af sér og engin merki sýnt um iðrun. Stefnandi telji einnig að horfa verði til meginmarkmiðs skaðabótalaga í þessu sambandi sem sé að tryggja tjónþolum fullar bætur fyrir tjón sitt. Þá sé vísað til fyrri umfjöllunar um mat á tjóni stefnanda samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð. Með matsgerðinni sé stefnandi búinn að sýna fram á með óyggjandi hætti að hann hafi orðið fyrir umtalsverðu tjóni við að missa dóttur sína. Horfa verði til þess við ákvörðun fjárhæðar miskabóta. Stefnandi telji 6.500.000 krónur sanngjarna bótafjárhæð m.v. þessi sjónarmið þótt tjón hans sé í raun þess eðlis að það sé óbætanlegt. Stefnda Vátryggingarfélag Íslands hf. hafi greitt stefnanda 2.500.000 krónur vegna miskabóta 17. jan. 2014 og taki dómkrafan mið af því.

Varðandi kröfu um vexti af bótum samkvæmt þessum kröfuflið vísist til 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt ákvæðinu beri bætur vexti frá tjónsdegi, 6. apríl 2013. Um dráttarvexti vísist til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Upphafstími dráttarvaxta miðist við þingfestingardag, sbr. 9. gr.

Stefnandi styður kröfur sínar fyrst og fremst við meginreglur skaðabótaréttar utan samninga sem og við umferðarlög nr. 50/1987, einkum XIII. kafla. Þá er vísað til ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 1. - 4. gr., 16. gr. og 26. gr. Varðandi varnarþing vísast til 32., 33. gr. og 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi málskostnað vísast til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988.

### III.

Stefndu benda á að í máli þessu gildi almennar sönnunarreglur skaðabótaréttar. Leiði af þeim reglum að sönnunarbyrðin hvíli óskipt á stefnanda um að tjón hans sé að rekja til atvika sem stefndu beri að lögum skaðabótaábyrgð á og þar með að bótaréttur hafi stofnast stefnanda til handa úr ábyrgðartryggingunni stefndu Hrefnu hjá stefnda Vátryggingarfélagi Íslands hf. samkvæmt lögum nr. 50/1993, sbr. skilmála tryggingarinnar eða á grundvelli meginreglna

skaðabótaréttar. Þá beri stefnandi jafnframt sönnunarbyrðina fyrir því að hafa orðið fyrir tjóni sem og umfangi þess. Stefnu telji að stefnandi hafi ekki sannað þessi atriði og því komi ekki til álita að hann eigi bótarétt umfram það sem stefnandi hafi þegar fengið bætt.

Sýknukrafa stefnu byggir á því að stefnu beri ekki að lögum skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna banaslyss sem dóttir stefnanda varð fyrir 6. apríl 2013, með þeim hætti sem stefnandi haldi fram og byggir kröfur sínar á. Fyrir liggir að stefnandi hafi ekki sjálfur lent í umstefnu slysi sem átt hafi sér stað heldur dóttir hans. Dóttir hans sé því það sem í skaðabótarétti hafi verið kallað eiginlegur tjónþoli slyssins. Ætlað tjón stefnanda sé svo aftur byggt á afleiðingu slyssins á hinn eiginlega tjónþola og sé því svokallað afleitt tjón í skilningi skaðabótaréttar. Sú meginregla gildi í íslenskum rétti að þeir einir eigi rétt til skaðabóta sem sjálfir verði fyrir tjóni á líkama eða séu eigendur muna sem skemmist eða eyðileggist en ekki þeir sem verði fyrir afleiddu tjóni, þ.e. verði fyrir tjóni við það að annar maður verði fyrir tjóni. Af framangreindri meginreglu leiði að það sé aðeins tjónþolinn sjálfur, þ.e. sá sem verði fyrir áverkanum sem eigi rétt til bóta, en ekki aðrir. Þannig beri að bæta svonefnt frumtjón en samkvæmt meginreglunni falli afleidda tjónið utan þess sem skaðabótareglum sé ætlað að vernda. Stefnu byggir þannig á því að andlegt áfall stefnanda og annað ætlað tjón hans vegna líkamstjóns dóttur hans falli utan marka skaðabótaábyrgðar, þar sem um afleitt tjón sé að ræða. Hafi stefnandi ekki verið í hættu er slysið varð né verið vitni að því. Stefnu mótmæli sérstaklega framsetningu stefnanda í stefnu þar sem því sé haldið fram að sjónarmið um eiginlega tjónþola og þriðja mann sem verði fyrir afleiddu tjóni gildi ekki um stefnanda í þessu máli, þar sem stefnandi hafi verið svo nátengdur tjónsátburðinum og afleiðingum hans. Stefnu bendi á að stefnandi hafi ekki orðið fyrir frumtjóninu. Sama hvernig á það sé litið þá sé sú niðurstaða ótæk að akstur bifreiðar stefnu Hrefnu Bjarkar hafi valdið stefnanda tjóni, enda stefnandi hvergi verið nærri þegar slysið átti sér stað heldur staddur á sjó. Það sem stefnandi byggir tjón sitt á sé þvert á móti þau áhrif sem afleiðing þess aksturs, þ.e. andlát dóttur hans, hafði á stefnanda. Telji stefnu atvik málsins vera skólabókardæmi um afleitt tjón. Stefnu telji ekkert svigrúm til slíkra frávikna sem stefnandi byggir á í stefnu og vísi m.a. til þess að aðstandendur sem viðstaddir hafi verið morð fjölskyldumeðlims hafi í íslenskri dómaframkvæmd ekki verið taldir svo nátengdir tjónsátburðinum og afleiðingum hans að leggja beri umrædda meginreglu til hliðar. Engin sjónarmið standi til þess að stefnandi verði hafinn yfir meginreglur skaðabótaréttar og með hann farið sem eiginlegan tjónþola án þess að hann geti

með nokkrum hætti talist hafa orðið fyrir frumtjóni vegna árekstrar bifreiða dóttur stefnanda og stefndu Hrefnu Bjarkar. Þá byggji stefndu jafnframt á því að ætlað tjón stefnanda sé ekki sennileg afleiðing þess slyss sem dóttir hans hafi lent í. Stefnda Hrefna Björk hafi ekki getað séð hinar umstefndu afleiddu afleiðingar fyrir þegar hún viðhafði hina bótaskyldu háttsemi. Um tilviljunarkenndar og ófyrirséðar afleiddar afleiðingar sé að ræða og skilyrði bótaskyldu því ekki fullnægt.

Finna megi undantekningar frá framangreindri meginreglu um að aðeins sá sem fyrir frumtjóninu verður eigi rétt til bóta. Stefndu telji hins vegar ósannað af hálfu stefnanda að slík undantekning eigi við í málinu umfram 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 sem uppgjör hafi þegar farið fram vegna.

Því sé mótmælt að ætlað tjón sem stefnandi krefji stefndu um í málinu falli undir 88. gr. laga 50/1987. Ætlað tjón sé ekki að rekja til notkunar ökutækis stefnda í skilningi laga eða sennileg afleiðing af notkun þess og þá falli það utan þess tjóns sem ákvæðinu sé ætlað að bæta. Það sama leiði af meginreglum skaðabótaréttar utan samninga. Jafnframt bendi stefndu á að samkvæmt 88. gr. laga nr. 50/1987 skuli sá sem beri ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hljótist af notkun þess. Í 91. gr. laganna sé svo kveðið á um að greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hljótist af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skuli vera tryggð með ábyrgðartryggingu, en um lögboðna tryggingu sé að ræða. Þannig beri eingöngu að bæta tjón sem verði vegna notkunar ökutækis. Ákvæði umferðarlaga séu í samræmi við meginreglu skaðabótaréttar um að eingöngu frumtjón sé bætt en ekki tjón þess sem verði fyrir afleiddu tjóni.

Stefndu geri athugasemd við óljósa framsetningu stefnanda í stefnu þar sem því er haldið fram að meginreglan um bætur fyrir frumtjón sé háð mörgum undantekningum án þess að gerð sé tilraun til þess að skýra frekar á hvaða undantekningarreglu sé byggt. Virðist málatilbúnaður stefnanda byggður á því aðallega að hann eigi að njóta slíkrar sérmeðferðar að umrædd meginregla skaðabótaréttar gildi um alla aðra en stefnanda en til vara hljóti að vera til einhver undantekningarregla sem sé þess valdandi að hann eigi rétt til bóta umfram þær sem hann hefur þegar fengið greiddar. Leggi stefndu áherslu á að sönnunarbyrðin um að til sé í íslenskum rétti undantekningarregla, sem feli í sér að 1. kafla laga nr. 50/1993 geti átt við um ætlað tjón stefnanda, hvíli alfarið á stefnanda sjálfum.

Stefndu komist ekki hjá því að gera athugasemd við að framsetning málsástæðna stefnanda að þessu leyti samræmist illa e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Stefndu vilji halda því til haga að með tilkomu núgildandi 2. mgr.

26. gr. laga nr. 50/1993 sem komið hafi ný inn í lögin með breytingarlögum nr. 37/1999 hafi mörk skaðabótaréttar verið færð út fyrir það sem áður var talið gilda. Afleitt tjón foreldra vegna tiltekins frumtjóns barna þeirra hafi þannig verið gert bótaskyldt sem fram til þess tíma hafi ekki verið bótaskyldt. Stefndu telji með öllu ósannað að stefnandi eigi ríkari rétt til bóta en leiði af 2. mgr. 26. gr. Með vísan til þessa telji stefndu engin rök standa til þess að stefnandi geti reist bótakröfu sína á 1. kafla laga nr. 50/1993 eða að stefnandi eigi frekari rétt en leiðir af 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 og þegar hefur verið bætt. Af lögskýringargögnum megi glögggt ráða að 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 hafi verið ætlað að innleiða sanngirnireglu þar sem dómstólum væri falið að ákveða hæfilegar bætur miðað við aðstæður. Fram komi í frumvarpinu með breytingarlögunum þar sem hin nýja regla var innleidd að lögð væri áhersla á að fjárhæðir bóta samkvæmt hinni nýju 2. mgr. 26. gr. skyldu greiðast samkvæmt því sem sanngjarnt þætti hverju sinni. Skyldi haft í huga m.a. umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Sérstaklega segi í álitsgerð minnihluta nefndar sem skipuð var samkvæmt 3. gr. laga nr. 42/1996, á fylgiskjali II með frumvarpi því er varð að lögum nr. 37/1999, að varðandi fjárhæð bóta sé gert ráð fyrir því að henni sé stillt í hof þar sem taka verði tillit til fjárhagslegrar getu tjónvalds auk þess sem augljóst sé að aldrei sé með peningum hægt að bæta aðstandendum miska þann sem hér um ræði. Stefndu leggi áherslu á að bætur greiddar á grundvelli 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 séu bætur fyrir ófjárhagslegt tjón. Lagaheimild til bóta fyrir fjártjón sé hins vegar ekki fyrir hendi en ef það hefði verið ætlun löggjafans að slíkt tjón yrði bætt hefði hann gert það með lagaákvæði þess efnis. Með vísan til dómaframkvæmdar og lögskýringagagna byggji stefndu á því að dómstólum beri að meta ætlað tjón stefnanda út frá sanngirnisþónarmiðum og því sem almennt hefur tíðkast í sambærilegum málum. Með þeim hætti hafi stefnda Vátryggingarfélag Íslands hf. þegar komist að þeirri niðurstöðu að greiðsla 2.500.000 króna til stefnanda sé hæfileg greiðsla miskabóta fyrir hið ófjárhagslega afleidda tjón stefnanda. Sú upphæð hafi þegar verið greidd og móttækin af hálfu stefnanda. Með vísan til þess telji stefndu að uppgjöri bóta við stefnanda sé að fullu frágengið.

Verði ekki fallist á sýknukröfu byggji stefndu á því til vara að lækka beri stefnukröfur verulega. Varakrafa stefndu um að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega byggjast á sömu málsástæðum og lagarökum og aðalkrafa. Telji stefndu jafnframt tilefni til að gera nánari athugasemdir við nokkra af kröfufliðum stefnanda. Stefndu byggji á því að kröfur stefnanda um bætur vegna 2.- 4. gr. laga nr. 50/1993 falli utan gildissviðs skaðabótareglna og vísi til þeirrar meginreglu að aðeins sá sem verði beint fyrir tjónsatburðinum sjálfum eða tjónsatburðurinn bitni á beint, geti krafist skaðabóta úr hendi tjónvalds. Einnig byggji stefndu á því að frá

tímabundnu atvinnutjóni beri að draga laun, bætur og aðrar greiðslur sem stefnandi eigi rétt á eða hafi fengið greitt, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1993. Í málinu liggi ekki fyrir hvaða greiðslur stefnandi hafi átt rétt á eða fengið á því tímabili sem krafa hans ná til. Þar að auki byggji stefndu á því að varanlegur miski stefnanda sé ósannaður. Krafa stefnanda um miskabætur samkvæmt 4. gr. laga nr. 50/1993 byggji á danskri miskabótatöflu. Sé kröfunni mótmælt sem ósannaðri en ekki liggi fyrir fullnægjandi mat miskastigs stefnanda samkvæmt lögum nr. 50/1993 og þar af leiðandi umfang tjóns stefnanda.

Varðandi seinni kröfulið krefjist stefnandi í fyrsta lagi endurgreiðslu áfallins lyfjakostnaðar. Sú krafa byggji á 1. gr. laga nr. 50/1993. Vísi stefndu sem fyrir til meginreglunnar um afleitt tjón og þess að þeir sem fyrir slíku tjóni verði eiga almennt ekki rétt á bótum fyrir það. Í öðru lagi krefjist stefnandi framtíðarsjúkrakostnaðar, annars vegar vegna geðviðtala og hins vegar vegna lyfjakostnaðar. Stefndu mótmæli kröfunni sem ósannaðri og vanreifaðri. Stefndu bendi á að til að krafan geti verið dómtæk hefði þurft að reikna hana til staðgreiðsluverðmætis. Einnig liggi ekkert fyrir um að þörf stefnanda fyrir geðviðtöl og lyf verði jafn mikil og stefnandi hafi krafist bóta vegna. Vísi stefndu meðal annars til orðalags matsgerðar um að stefnandi muni þurfa lyf eftir atvikum. Þá byggji stefndu á því að við framsetningu kröfunnar hafi ekki verið tekið fullnægjandi tillit til reglugerðar nr. 1182/2013 sem mæli fyrir rétt sjúkratryggðra til að fá afsláttarkort. Stefndu telji stefnanda ekki stætt á því að líta alfarið fram hjá möguleikum sínum á að takmarka tjón sitt og mótmæli kröfunni sem rangri og órökstuddri. Loks mótmæli stefndu framsetningu kröfu stefnanda vegna hugsanlegra viðtala á heilsugæslustöðvum. Segi nánar í matsgerð að viðbúið sé að stefnandi þurfi nokkur stuðningsviðtöl á ári í kjölfar geðviðtalameðferðar. Þannig telji stefndu rangt að reikna með heilsugæsluviðtölum fyrir en í fyrsta lagi þegar áætla megji að geðviðtölum verði lokið. Þá geti stefndu ekki með nokkru móti séð á hverju sú krafa stefnanda byggji að hann þurfi á tveimur heilsugæsluviðtölum að halda á ári til 75 ára aldurs, þ.e. næstu tæpu 30 árin. Útreikningum stefnanda sé mótmælt sem röngum og órökstuddum auk þess sem þeir séu ekki í fullu samræmi við fyrirliggjandi matsgerð. Í þriðja lagi byggji stefnandi seinni kröfuliðinn á 26. gr. laga nr. 50/1993. Þegar hafi nokkuð verið fjallað um umrætt lagaákvæði en líkt og að framan greini byggji stefndu á því að stefnandi geti aðeins reist bótakröfu sína á 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Sé það á valdi dómstóla að meta hóflega og sanngjarna bótaupphæð að teknu tilliti til aðstæðna tjónvalds. Telji stefndu dómstólum beri að háttá því mati með sambærilegum hætti og í fyrri dómaframkvæmd. Stefndu telji þá aðferðafræði sem stefnandi telji að byggja eigi á við mat bóta samkvæmt umræddu lagaákvæði ekki vera í fullu samræmi við

lögskýringargögn og réttarframkvæmd. Ítreki stefndu að augljóst sé að peningar muni aldrei geta bætt stefnanda þann miska sem hér um ræði. Ekki sé um bætur að ræða fyrir fjárhagslegt tjón. Um sanngirnibætur sé að ræða og beri að stilla fjárhæð bóta í hóf. Þá skuli taka tillit til fjárhagslegrar getu tjónvalds auk þess sem fyrri réttarframkvæmd gefi góða vísbendingu um hvað hafi verið talið réttlátt og sanngjarn í aðstæðum þar sem reynt hafi á umrætt lagaákvæði. Telji stefndu að verði farið eftir framangreindu komi í ljós að tjón stefnanda sé í reynd að fullu uppgert eða í öllu falli að lækka beri kröfu stefnanda verulega. Vaxtakröfum stefnanda sé mótmælt. Stefndu byggji m.a. á því að kröfur um bætur samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 beri ekki vexti frá tjónsdegi líkt og stefnandi hafi krafist. Vísi stefndu til athugasemda með frumvarpi því er varð að lögum nr. 50/1993 þar sem þetta sjónarmið sé staðfest og segi nánar að um fjárhæð miskabóta fari eftir mati dómstóla. Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé einnig mótmælt. Stefndu telji engin efni til að reikna dráttarvexti fyrir en í fyrsta lagi frá dómsuppsögu enda ekki ljóst fyrir en þá hvort stefnandi eigi einhverja kröfu á hendur stefndu. Þá sé framsetningu málskostnaðarkröfu stefnanda mótmælt enda engin lagaheimild til þess að bæta virðisaukaskatti ofan á málskostnað.

Stefndu vísa einkum til almennra reglna váttrygginga- og skaðabótaréttar, einkum meginreglna um sönnun og sönnunarbyrði og meginreglna um afleitt tjón, skaðabótalaga nr. 50/1993, laga nr. 37/1999, váttryggingarskilmála BA10 auk laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eftir því sem við á. Krafa stefndu um málskostnað byggir á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### IV.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 50/1993 skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Fyrri dómkröfuliður stefnanda er reistur á ákvæðum I. kafla laga nr. 50/1993 um bætur fyrir líkamstjón. Í málinu krefst hann bóta fyrir atvinnutjón samkvæmt 2. gr., þjáningabóta samkvæmt 3. gr. og bóta fyrir varanlegan miska samkvæmt 4. gr. laganna. Stefndu byggir á því að sálrænar afleiðingar þess er dóttir hans lést hafi leitt til líkamstjóns fyrir stefnanda, en sérstaklega nán tengsl hans við dóttur sína og hvernig slysið bar að hafi leitt til þessa líkamstjóns.

Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 50/1993 er orðið tjónþoli skýrt þannig að það hugtak sé orð notað um þann sem verði fyrir tjóni, t.d. af því að hann hafi slasast sjálfur, misst framfærandu af slysförum eða beðið tjón vegna þess að munir í hans eigu hafi skemmst. Í réttarframkvæmd hafa þeir sem beinlínis hafa orðið fyrir slysi, hinir eiginlegu tjónþolar, haft uppi bætur á

grundvelli I. kafla laga nr. 50/1993. Nákomnir, sem orðið hafa fyrir annars konar tjóni, svokölluðu afleiddu tjóni, af völdum slysa eða fráfalla nákominna, hafa aftur á móti haft uppi bætur á grundvelli III. kafla laga nr. 50/1993. Í ljósi réttarframkvæmdar og ákvæða 1. gr. laga nr. 50/1993 telur dómurinn ekki efni til að víkka bótasvið I. kafla laga nr. 50/1993 út þannig að það taki til hins afleidda tjóns stefnanda. Með sömu rökum eru ekki skilyrði til þess að stefnandi fái bætur fyrir líkamstjón sitt á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar.

Síðari dómkrafa stefnanda lýtur að miskabótum samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993, auk þess sem krafist er bóta fyrir áfallinn lyfjakostnað og framtíðarsjúkrakostnað. Stefnda Vátryggingarfélag Íslands hf. hefur þegar greitt stefnanda 2.500.000 krónur í miskabætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laganna. Í matsgerð frá 19. janúar 2015, er aðilar málsins öfluðu sameiginlega, er því lýst að stefnandi hafi greinst með áfallastreituröskun sem rekja megi til þess er dóttir hans lést. ...

Í ofangreindu mati matsmanna er lýst óvenju miklum miska í kjölfar þess er dóttir stefnanda lést. Skaðabætur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 verða ákveðnar að álitum eftir því sem sanngjarnt og eðlilegt er. Að mati dómsins eru miskabætur til stefnanda, í ljósi óvenjulega mikils miska, hæfilega ákveðnar 5.000.000 króna, sem stefndu greiði stefnanda sameiginlega. Þegar greiddar miskabætur dragast frá fjárhæðinni.

Með vísan til þess sem segir um fyrri kröfulið stefnanda verður ekki fallist á kröfulið um áfallinn lyfjakostnað eða framtíðarsjúkrakostnað, en þá kröfuliði reisir stefnandi á 1. gr. laga nr. 50/1993 eða almennum reglum skaðabótaréttar.

Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Stefndu greiði stefnanda sameiginlega 600.000 krónur í málskostnað.

Mál þetta flutti af hálfu stefnanda Guðmundur Ómar Hafsteinsson hæstaréttarlögmaður en af hálfu stefndu Jón E. Malmquist héraðsdómslögmaður.

Dóm þennan kveður upp Símon Sigvaldason héraðsdómari.

#### Dómsorð:

Stefndu, Vátryggingarfélag Íslands hf. og Hrefna Björk Gylfadóttir, greiði stefnanda, Svavari S. Guðmundssyni, sameiginlega 5.000.000 króna, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 6. apríl 2013 til 29. október 2015, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 2.500.000 krónum sem stefnda Vátryggingarfélag Íslands hf. greiddi stefnanda 17. janúar 2014.

Stefndu greiði stefnanda sameiginlega 600.000 krónur í málskostnað.

Simon Sigvaldason